



Austur-Hérað
Fræðslu- og menningarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 126/955
komudagur 19.1. 2001

Lyngási 12 - Pósthólf 112 - 700 EGILSSTAÐIR - Sími 471 1166 - Fax 471 1494 - Kennitala: 510169-6119

Nefndasvið Alþingis,
Menntamálanefnd,
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 15. janúar 2001

Efni: Umsögn um eftirtalin lagafrumvörp: Þjóðminjalög, Safnalög, Lög um húsfriðun, Lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001.

Ofangreindum lagafrumvörpum var vísað til fræðslu- og menningarráðs Austur-Héraðs til umsagnar. Lagafrumvörpin voru til umræðu á fundi ráðsins 11. janúar sl og var eftirfarandi bókað við þá umfjöllun:

"Umsagnir um lagafrumvörp (Þjóðminjalög, safnalög, lög um húsfriðun og lög um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa).

Rætt um framlög sem gert er ráð fyrir að komi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í húsfriðunarsjóð, ekki kemur fram hvort þessi framlög skerði önnur framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna.

Ráðið telur eðlilegt að lagafrumvörpum fylgi umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvað varðar hugsanlegan afleiddan kostnað fyrir sveitarfélögin á sama hátt og umsögn fjármálaráðuneytis fylgir hvað varðar hugsanlegan afleiddan kostnað fyrir ríkið

Hvað varðar varðveislu minja leggur FM-ráð áherslu á að meginregla verði sú að hvers konar minjar verði varðveittar sem næst uppruna sínum á þeim söfnum í heimahéruðum sem eru best fallin til að varðveita og kynna þær, nema aðstæður mæli sérstaklega með að minjarnar séu á höfuðsafni. Jafnframt leggur ráðið áherslu á að hlutverk höfuðsafna gagnvart íbúum í dreifbýli sbr. frumvarp um safnalög verði skýrt mjög vel."

Auk þess er vert að benda á að erindinu var vísað til fræðslu- og menningarráðs þar sem faglegar umsagnir um mennta- og menningarmál heyra undir fræðslu- og menningarsvið. Þar sem þjóðminjalög snerta skipulagsmál og húsfriðun snertir störf bygginganefndar og byggingafulltrúa hefði verið æskilegt að hægt hefði verið að vísa erindinu til umsagnar hjá þeim fagaðilum sem með þau mál fara í sveitarfélaginu, en þar sem tími til að skila umsögnum er takmarkaður gefst því miður ekki tækifæri til þess.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Vinsamlegast

Helga Guðmundsdóttir
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs